

## Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 1. október 2018

---

**Mætt:** Fjóla, Signý, Helga, Bergrún, Anna Rós, Björg. Einnig mætti Steinar úr Ekkó á hluta fundarins.

### Dagskrá:

1. **Óformlegt spjall við Steinar** um hugmyndir að fræðslu fyrir veturinn, bæði fyrir nemendur og foreldra.

Nokkur efni voru nefnd:

- tölvunotkun
- Netsamskipti
- Samskipti kynjanna
- Veip
- Áfengi og vímuefni; forvarnir
- kvíði

Ekkó er með heilmikla starfsemi og ákveðið var að þau fengju að setja tilkynningar um viðburði inn á foreldrafélagssíðuna (fb). Um að gera að halda henni lifandi. Í þarnæstu viku hefst t.d. forvarnavika og er ýmislegt á döfnni í tengslum við hana.

Þurfum einnig að hvetja foreldra til að skoða Ekkó á fb.

2. **Fræðsla haustsins:**

Ákveðið var að fá Eyjólf Örn Jónsson sálfræðing á að koma og halda erindi um tölvunotkun. **mánud. 22. okt, kl. 20:00 í sal skólans.**

3. **Hugmynd að forvarnarfræðslu fyrir næsta misseri:**

Fá sálfræðing skólans, námsráðgjafa, lögreglu.... hugsanlega í samvinnu

4. **Foreldrarölt:**

Ekki komið í gang. Félagsmiðstöðvarfulltrúar keyra um annan hvern föstudag og venjan hefur verið að þeir hringi í röltfulltrúann. Þessi mál þurfa að komast í lag.

Ákveðið að senda póst á bekkjarfulltrúa og koma skjali - og rölti – í gang.

5. **Um bekkjarfulltrúa:**

Ekki fullmannað í alla bekki. Ákveðið að setja bekkjarfulltrúaskjalið á fb-síðu félagsins og auglýsa þannig eftir fólki til að klára að manna.

Í framhaldinu boðum við til fræðslufundar með öllum bekkjarfulltrúum (um starf bekkjarfulltrúa, Heimili og skóla og foreldrasáttmála Heimilis og skóla – auk foreldraröltsmála **Ákveðið** var að halda hann **17. október.**

6. **Um jólaföndur:**

**24. nóv er ákveðinn** sem föndurdagur (ekki hægt að hafa helgina á undan vegna gistnætur í Ekkó). Nefndin frá í fyrra virkjuð og sett af stað í vinnu.

Fundi slitið.